



103. fundur Breiðafjarðarnefndar, vettvangsferð, 1. júlí 2009.

Mætt: Kolbrún Reynisdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson og Trausti Baldursson.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd hélt í vettvangsferð frá Skarðsstöð kl. 09.45. Siglt var út með Líney hjá Djúpeyjum, staldrað við hjá Fitjarey og Bæjarey í Hafnareyjum og síðan siglt vestur og norður fyrir eyjarnar að Trésey, síðan hjá Rúfeyjum inn Rúfeyjaröst að Rauðseyjum og inn á voginn. Gengið var í land í Bæjarey í Rauðseyjum.

Frá Rauðseyjum var siglt norðan Köngurseyjar og inn að Ólafseyjum þar sem gengið var á land í Bæjarey, gengið um eyjuna og snæddur hádegisverður.

Frá Ólafseyjum var siglt inn að Lat og að Hróteyjum og gengið þar á land. Þar naut ferðafólk heimatilbúinna veitinga frá Sigurði og Erlu í Innri Fragradal.

Frá Hróteyjum var siglt að Akureyjum og að lendingunni við Bæjarey þar sem hjónin Lilja Gunnarsdóttir og Birgir Bjarnason tóku á móti hópnum og buðu upp á veitingar. Frá Akureyjum var síðan siglt framhjá Ásmóðarey og í Skarðsstöð. Þar tóku Grímur Atlason sveitarstjóri og Halla Steinólfsdóttir sveitarstjórnarfulltrúi á móti hópnum og var öllum boðið að smakka ýmsar kræsingar sem eru framleiddar í Dalabyggð.

Í Skarðsstöð var undirritaður samningur Breiðafjarðarnefndar og Dalabyggðar um skráningu og hnitsetningu örnefna og fornleifa. Að fundi loknum var farið með bílum að Tindum, þar sem skoðaðar voru surtarbrandsnámur undir leiðsögn Trausta Bjarnasonar bónda á Á. Í Skarðsstöð gafst formanni og varaformanni tækifæri til að afhenda ráðherra starfsskýrslu síðastliðins árs og kynna helstu málefni nefndarinnar.

Í ferðinni naut hópurinn leiðsagnar Ásgeirs Gunnars Jónssonar og Sigurðar Þórólfssonar. Gestir Breiðafjarðarnefndar í vettvangsferðinni voru meðal annarra Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra, Hafdís Gísladóttir aðstoðarmaður ráðherra, Jónína Hafsteinsdóttir, Svavar Sigmundsson og Óskar Leifur Arnarson.

Næsti fundur verður haldinn í Stykkishólmi 12. ágúst nk. kl. 10:30.